

AUGLÝSING

um breytingu á „deiliskipulagi Suðurhafnar“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. apríl 2002 breytingu á „deiliskipulagi Suðurhafnar“, Hafnarfirði.

Breytingin felst í meginatriðum í því að verið er að leggja niður götuna Suðurgarð og færa til götur B og Cuxhavengötu, samfara því verða breytingar á lóðum og byggingareitum. Jafnframt er lóð A á reit 5.4c skipt í tvennt og heimiluð olíubirgðastöð á henni.

Farið var með tillöguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 10. júlí 2002.

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.